

**Kostnaðartölur vegna mælinga við
Trölladyngju**

Gunnar Þorbergsson

Greinargerð GP-90-02

Kostnaðartölur vegna mælinga við Trölladyngju

Fallmælingar

Fallmælt var 1984 og 1986, í bæði skipti með invarkvörðum. Þrír menn voru með bíl við mælingarnar. Virkir dagar voru sem hér segir:

Mældur nethluti	Dagar 1984	Dagar 1986
Krísuvíkurvegur að 7210 við Vatnsskarð	5	-
7210 að Kleifarvatni og vatnsborð	2	3
7210 - TD68 (vestan við Austurháls)	3	3
TD01-24, TD40-47, TD60-68, TD80-87	12	15

Ef Krísuvíkurvegi er sleppt, má gera ráð fyrir að verkið taki 20 daga (60 dagsverk) með veðurtöfum (mælingamaður var óvanur 1986).

Líklega þarf að mæla nokkra kílómetra til suðurs frá TD87 og setja þar ný fastmerki.

Útlagður kostnaður er allt að 3000 kr. á dagsverk vegna matar og eldsneytis.

Lengdarmælingar

Áætlað er að lengdar- og hæðarmælingar í neti milli Kleifarvatns og Vatnsleysustrandar taki 25 dagsverk eins og 1986 (þá unnu 5 menn við verkið). Notaðir verða 2 bílar og einnig fjórhjól lítillaga, ef það verður falt frá öðrum verkum Vatnsorkudeildar. Útlagður kostnaður við dagsverk er svipaður og við fallmælingarnar.

Gert er ráð fyrir að mælt verði í punkti á Miðdegishnúki, þar sem nú er kominn steypur stöpull, í stað 7201 (sem er um kílómetra norðaustar).

Á meðfylgjandi korti er sýnd hugsanleg viðbót við netið til suðurs. Nærri lætur að það taki jafnmörg dagsverk að mæla þessa viðbót (og setja punktana) eins og að mæla netið, sem nú er til staðar, þ.e. 25 dagsverk með veðurtöfum. Þá er gert ráð fyrir að ekki séu farnar margar misheppnaðar ferðir á mælisvæðið.

Ekki er vitað hvort steypur stöpull er á Stórahрут. Ef hann er til staðar, verður punkturinn þar, annars á Sandfelli.

IF VOD-LM-892 6P
86.03.0228

Lengdarmælt net til að fylgjast með láréttum hreyfingum lands á jarðhitasvæðinu við Trölladyngju. Netið var sett og fyrst mælt með geódimeter 14A í júní árið 1984. Ellípsur sýna nákvæmni mælinganna.

TRILATERATION NET FOR MONITORING HORIZONTAL LAND MOVEMENT IN THE GEOTHERMAL FIELD AT TRÖLLADYNGJA. ESTABLISHED AND FIRST MEASURED WITH GEODIMETER 14A IN JUNE 1984. ELLIPSES SHOW POSITIONING ERROR.



